

Knattspyrnu lögin 2020/21

Breytingar og skýringar

(og breytingar á Orðalista og
Hagnýtum leiðbeiningum)

Alþjóðanefnd knattspyrnusambanda (IFAB)

Apríl 2020

Stutt samantekt um breytingarnar

Hér a eftir fer einföld samantekt um helstu breytingar/túlkánir.

1. grein – Leikvöllurinn

- Markstangirnar og marksláin geta verið mismunandi að lögun, svo fremi sem hvorutveggja tilheyrir þessum fjórum gerðum.

10. grein – Hvernig úrslit leikja ráðast

- Gul spjöld (GS) og tiltöl fylgja ekki með inn í vítaspyrnukeppnina.
- *Sjá enn fremur breytingar á 14. grein um vítaspyrnukeppnir.*

11. grein – Rangstaða

- Viljandi hendi varnarmanns er skilgreind sem ‘að bolta sé leikið viljandi’ við mat á rangstöðu.

12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

- Hendi:
- mörk axlar og handlegg eru skilgreind við neðri mörk handarkrikans (sjá skýringarmynd á bls.13).
- einungis er refsað fyrir ‘óviljandi’ hendi sóknarmanns (eða samherja hans) ef hún á sér stað ‘rakleiðis’ fyrir skorað mark eða augljóst marktækifæri.
- Markvörður getur fengið GS eða verið vísað af velli (RS) fyrir að snerta boltann ‘ólöglega’ öðru sinni eftir endurræsingu leiksins (t.d. markspyrnu, aukaspyrnu o.s.frv.), jafnvel þó snertingin sé með hönd/handlegg.
- Refsa ber fyrir sérhvert brot (ekki einungis gegn mótherja) sem verður til þess að ‘trufla eða koma í veg fyrir vænlega sókn’ með GS.
- Sýna ber leikmanni GS sem ekki virðir tilskilda 4m fjarlægð þegar dómari lætur boltann falla.
- Ef dómari beitir hagnaðarreglunni eða leyfir töku ‘snöggrar’ aukaspyrnu vegna brots sem ‘truflaði eða stöðvaði vænlegt upphlaup’, er GS ekki sýnt.

14. grein – Vítaspyrna

- Markverði er ekki refsað fyrir brot í vítaspyrnu sem missir marks eða endurkastast af stöng eða slá (án snertingar markvarðarins) nema brot hans hafi haft augljós áhrif á spyrnandann.
- Markvörðurinn fær tiltal við fyrsta brot; en síðan gula spjaldið fyrir ítrekað/ítrekuð brot.
- Spyrnandanum er refsað ef hann og markvörðurinn brjóta af sér á nákvæmlega sama tíma.

Orðalisti

- Bætt hefur verið við skilgreiningu á brotinu *leikmanni haldið*.
- Staðsetning leikmanna við endurræsingu leiks markast af staðsetningu fóta þeirra eða sérhvers líkamshluta þeirra sem snertir jörðina (að fráskyldu því sem lýst er í 11. grein um rangstöðu).

Ef markvörðurinn 'flikkar' boltanum upp til samherja við mark- eða aukaspyrnu og sá skallar eða leikur honum með brjóstinu til baka fyrir markvörðinn að taka í fang sér er spyrnan endurtekin; þessu fylgir engin agarefsing (nema þetta gerist aftur og aftur).

Lagfæringar ritstjórnar

Ritstjórn hefur gert nokkrar breytingar á framsetningu textans í þeim tilgangi að auka samræmi og gera hann rökréttari; þessar breytingar eru undirstrikaðar í texta laganna:

Breytt framsetning texta

12. grein

- Röð áherslupunkta ("bullet points") þar sem leikbrotið hendi er skilgreint hefur verið breytt.

14. grein

- Viðbótar áherslupunktum hefur verið bætt við um brota markvarða.
- Yfirlitstaflan um brot við töku vítaspyrna hefur verið uppfærð og endurskipulögð.

Nánari skýringar á lagabreytingum

Hér á eftir fara þær breytingar sem er að finna í 2020/21 útgáfu Knattspyrnulaganna. Við hverja breytingu er nýi/breytti/viðbætti textinn sýndur ásamt hinum gamla (þar sem það á við) og á eftir fylgir síðan skýring á breytingunni.

- Eyddurtexti = ~~fótbolti~~
Nýr texti = fótbolti

1. grein – Yfirborð leikvallar

10. Mörk

Breyttur texti

(...)

Markstangir og þverslá skulu vera úr viðkenndu efni. Lögun þeirra skal vera ferhyrnd, rétthyrnd, sívöl, ~~eða~~ sporöskjulaga, eða af samsetningi þeirra, og af þeim má ekki stafa hætta.

Skýring

Markstangirnar geta verið af annarri lögun en sláin svo fremi sem hvorutveggja tilheyrja þessum fjórum grunnflokkum að lögun.

2. grein – Boltinn

2. Skipt um gallaðan bolta

Breyttur texti

Ef boltinn verður ónothæfur:

- er leikur stöðvaður og
- hafinn að nýju með því að ~~vara~~ boltinn er látinn falla. ~~á þeim stað sem boltinn varð ónothæfur~~

Skýring

Orðalagi breytt til samræmis við 8. grein.

4. grein – Búnaður leikmanna

4. Annar búnaður – Rafrænn búnaður til mælinga á frammistöðu og staðsetningum (EPTS)

Breyttur texti

Rafrænn búnaður til mælinga á frammistöðu og staðsetningum (EPTS)

Þar sem leikmenn bera á sér tækniþúnað sem tengist rafrænum frammistöðu- og staðsetningarþúnaði (EPTS) í opinberum mótaleikjum skipulögðum undir lögsögu FIFA, álfusambandanna eða knattspyrnusambanda aðildarþjóðanna, ber mótshaldaranum að ganga úr skugga um að tækjabúnaðurinn sem tengdur er ~~búningi leikmannsins~~ búningum leikmannanna sé ekki hættulegur og ~~að hann sé þannig merktur~~ að hann standist annan hvorn eftirgreindra staðla: IMS (Staðal Alþjóðaleikja) eða FIFA Quality (Gæðastaðal FIFA).



(Þessi skýringarmynd er felld út)

Þar sem framkvæmdaaðili leiksins eða mótshaldari útvegar EPTS-búnaðinn, er það á ábyrgð skipuleggjanda leiksins eða mótsins að ganga úr skugga um að upplýsingarnar og gögnin sem send eru úr EPTS-búnaðinum til boðvangsins á meðan á leikjum stendur í opinberum mótum séu áreiðanlegar og nákvæmar.
(...)

Eftirfarandi merki gefur til kynna að EPTS-búnaðurinn (hvort sem leikmenn bera hann á sér eða hann sé fjarstýrður) hafi verið prófaður opinberlega og ~~að hann~~ standist þær kröfur sem gerðar eru um áreiðanleika og nákvæmni staðsetningargagna í knattspyrnu:



Skýring

Orðalagið endurspeglar uppfærslu á frammistöðustaðli FIFA fyrir EPTS tækniþúnað.

10. grein – Hvernig úrslit leikja ráðast

3. Vítaspyrnukeppni

Breyttur texti

Vítaspyrnukeppni er haldin ef leik er lokið og sé ekki getið um annað gilda viðeigandi ákvæði knattspyrnulaganna um hana. Leikmaður sem rekinn hefur verið af leikvelli á meðan á leiknum stóð hefur ekki heimild til þátttöku; aðvaranir og áminningar sem gefnar voru í leiknum fylgja ekki með inn í vítaspyrnukeppnina.

Skýring

Áminningar (GS) og tiltöl sem gefin eru á meðan á leik stendur (þ.m.t. í framlengingu) fylgja ekki með vegna þess að vítaspyrnukeppnin telst ekki vera hluti af sjálfum leiknum. Leikmanni sem hlýtur gula spjaldið bæði í leiknum og í vítaspyrnukeppninni er því ekki vikið af leikvelli (hvorki úr vítaspyrnukeppninni né hvað varðar agarefsingar).

3. Vítaspyrnukeppni

Breyttur texti

Á meðan á vítaspyrnukeppninni stendur

(...)

- Ef markvörðurinn brýtur af sér sem leiðir til þess að endurtaka þurfi spyrnuna ~~skal hann áminntur (gult spjald).~~ er honum gefið tiltal við fyrsta brot og hann síðan áminntur fyrir næsta/næstu brot.

(...)

- Ef bæði markvörðurinn og spyrnandinn brjóta af sér á sama tíma:
 - ~~Ef spyrnan misferst eða ef hún er varin, skal endurtaka spyrnuna og áminna báða leikmennina (gult spjald).~~
 - ~~Ef mark er skorað er það dæmt af,~~ er spyrnan skráð sem ógild og spyrnandinn áminntur.

Skýring

- Oftast þegar markvörðurinn fer of snemma út af línunni er það vegna þess að hann hefur misreiknað hvenær boltanum verði spyrrt og því skal honum veitt tiltal við fyrsta brot, en hann síðan áminntur brjóti hann aftur af sér við endurteknu spyrnuna og/eða við þær spyrnur sem teknar verða síðar í keppninni.
- Þegar (þá sjaldan það gerist) bæði markvörðurinn og spyrnandinn brjóta af sér nákvæmlega á sama tíma ber að áminna spyrnandann, þar sem það er hin 'ólöglega' gabbhreyfing sem verður þess valdandi að markvörðurinn fer of snemma út af línunni.

11. grein - Rangstaða

2. Refsiverð rangstaða

Breyttur texti

Leikmaður í rangstöðu sem fær boltann til sín frá mótherja, sem leikur boltanum viljandi ~~(nema eftir viljandi björgun mótherja)~~ þ.m.t. með viljandi hendi, telst ekki hafa haft hagnað af stöðu sinni, nema ef um hafi verið að ræða viljandi björgun mótherja.

Skýring

Áréttað að varnarmaður sem handleikur boltann viljandi teljist vera að 'leika honum viljandi' hvað mat á rangstöðu varðar. Þar sem 'löglegur' viljandi leikur (t.d. spyrna eða skalli) veldur því að leikmaður í rangstöðu telst ekki vera það lengur er rökrétt að 'ólöglegur' viljandi leikur leiði til sömu niðurstöðu.

12. grein – leikbrot og óviðeigandi hegðun

1. Bein aukaspyrna – boltinn handleikinn

Nýr texti og skýringarmynd

Við mat á leikbrotum með hendi teljast efri mörk handleggsins vera í línu við neðri mörk handarkrikans.

Skýring

Þegar hendi er metin telst handleggurinn ná frá neðsta hluta handarkrikans eins og fram kemur í skýringarmyndinni í 12. grein laganna.

1. Bein aukaspyrna – Boltinn handleikinn

Breyttur texti

Það telst leikbrot ef leikmaður:

- snertir boltann viljandi með hönd/handlegg, þ.m.t. með því að hreyfa höndina/handlegginn í átt að boltanum.
- skorar rակleitt í mark mótherjanna með snertingu handarinnar/handleggsins, jafnvel þó óviljandi sé (þetta á líka við um markvörðinn).
- ~~nær valdi/stjórn~~ eftir að boltinn ~~hann~~ snerti hönd/handlegg hans eða samherja, jafnvel þó óviljandi sé, og síðan strax:
 - skorar í mark mótherjanna.
 - skapar marktækifæri.

~~Það telst oftast brot ef leikmaður:~~

- snertir boltann með hönd/handlegg þegar:
- (...)

Að ofantöldum leikbrotum frátöldum telst það ~~sjaldnast~~ ekki til leikbrota ef boltinn snertir hönd/handlegg leikmanns::

(...)

Skýring

Áréttað að:

- ef sóknamaður snertir boltann óviljandi með hönd/handlegg og boltinn fer síðan til annars sóknarmanns og sóknarliðið skorar rակleitt í kjölfarið, flokkast það undir leikbrotið hendi;
- það teljist ekki brot ef boltinn, eftir óviljandi hendi, fer talsverða leið (sending eða knattrak) og/eða ef nokkrar sendingar eru gefnar áður en markið er skorað eða marktækifærið skapað.

1. Bein aukaspyrna – Boltinn handleikinn

Breyttur texti

Utan eigin vítateigs gilda sömu ákvæði um markvörðinn er hann handleikur boltann og sérhvern annan leikmann. Ef markvörðurinn handleikur boltann innan eigin vítateigs þegar honum er það óheimilt er dæmd á hann óbein aukaspyrna án þess að því fylgi nokkur agarefsing.

Ef brotið fellst hins vegar í því að leika boltanum öðru sinni (með eða án handarinnar/handleggsins), eftir endurræsingu leiksins og áður en boltinn snertir annan leikmann, ber að refsa markverðinum ef brot hans verður til þess að stöðva vænlegt upphlaup eða ræna mótherja eða liði hans marki eða upplögðu marktækifæri.

Skýring

Ef markvörður leikur boltanum viljandi öðru sinni eftir endurræsingu leiksins (áður en boltinn hefur snert annan leikmann) og stöðvar þannig vænlegt upphlaup eða rænir mótherjana marki eða upplögðu marktækifæri, ber að áminna (GS) markvörðinn eða vísa honum af leikvelli (RS). Þetta gildir jafnvel þó seinni snertingin hafi verið með hönd/handlegg þar sem brotið telst ekki til 'leikbrotsins hendi' heldur fellst það í því að leika boltanum 'ólöglega' öðru sinni.

3. Agarefsingar – Beðið með að hefja leik að nýju til þess að sýna spjald

Breyttur texti

Þegar dómari hefur tekið ákvörðun um að áminna leikmann eða vísa honum af velli skal leikur ekki hafinn að nýju fyrr en að því ferli loknu, nema liðið sem brotið var á taki aukaspyrnuna hratt, skapi sér með því augljóst marktækifæri og dómari hafi ekki þá þegar hafið agarefsingaraðgerðina. Agarefsingunni er þá komið á framfæri næst þegar leikur er stöðvaður. Ef leikbrotið fól í sér að haft var af mótherja upplagt marktækifæri er leikmaðurinn áminntur, en ef brotið truflaði hins vegar eða stöðvaði vænleg upphlaup er leikmaðurinn ekki áminntur.

Skýring

Ef dómariinn leyfir 'snögga' aukaspyrnu eftir RUPL brot þá breytist hið (seinkaða) RS í GS, þannig að til þess að gæta samræmis, ef dómariinn leyfir 'snögga' aukaspyrnu eftir leikbrot þar sem vænleg sókn var trufluð eða stöðvuð, ber ekki að sýna hið (seinkaða) GS.

3. Agarefsingar – Hagnaður

Breyttur texti

Ef dómariinn beitir hagnaðarreglunni vegna brots sem hefði réttlætt áminningu/brottvísun hefði leikurinn verið stöðvaður strax, ber að beita þeirri refsingu þegar boltinn fer næst úr leik. Ef, hins vegar, brotið fólst í því að ræna mótherjana nema ef um hefur verið að ræða upplögðu marktækifæri, ~~en~~ þá ber að áminna leikmanninn fyrir óíþróttamannslega framkomu, en ef brotið truflaði eða stöðvaði vænlega sókn er leikmaðurinn ekki áminntur.

Skýring

Ef dómariinn beitir hagnaðarreglunni vegna RUPL brots breytist RS í GS, þannig að til þess að gæta samræmis, ef dómariinn beitir hagnaðarreglunni vegna brots þar sem vænleg sókn er trufluð eða stöðvuð, ber ekki að sýna GS.

3. Agarefsingar – Áminningarverð leikbrot

Breyttur texti

Leikmaður skal áminntur ef hann gerist sekur um:

(...)

- að virða ekki tilskilda fjarlægð er hefja skal leik að nýju þegar dómari lætur boltann falla, með hornspyrnu, aukaspyrnu eða innkasti.

Skýring

Ákvæði um að þegar dómari lætur boltann falla bætt inn í áminningarverð leikbrot sem felast í því að 'virða ekki tilskilda fjarlægð'.

3. Agarefsingar – Áminningar fyrir óíþróttamannslega framkomu

Breyttur texti

Það geta verið mismunandi ástæður fyrir því að áminna beri leikmann fyrir óíþróttamannslega framkomu, t.d. ef leikmaður:

(...)

- brýtur á einhvern hátt af sér til að trufla, eða koma í veg fyrir vænlega sókn, nema þegar dómariinn dæmir vítaspyrnu á leikbrot þar sem um var að ræða heiðarlega tilraun til þess að leika boltanum.

Skýring

Hægt er að stöðva eða trufla vænlega sókn með fleiri aðferðum en með því að brjóta á mótherjunum (t.d. með því að leika boltanum öðru sinni 'ólöglega' eftir endurræsingunni leiksins), þannig að nú innifelur texti laganna hér öll slík brot, önnur en þegar boltinn er handleikinn, en um það er fjallað í næsta áherslupunkti ("bullet point") á undan.

14. grein – Vítaspyrna

2. Brot og refsíákvæði

Breyttur texti

(...)

Ef eitthvað af eftirtöldu á sér stað áður en boltinn er kominn í leik:

(...)

- markvörðurinn brýtur af sér:
- ef boltinn fer í markið er markið staðfest.
- ef boltinn fer ekki í markið eða hrekkur af markslánni eða markstöng(unum), er spyrnan eingöngu endurtekin ef brot markvarðarins hafði greinileg áhrif á spyrnandann.
- ef markvörðurinn verður til þess að boltinn fari ekki í markið er spyrnan endurtekin. Ef brot markvarðarins verður til þess að spyrnan sé endurtekin er honum veitt tital við fyrsta brot og síðan áminntur fyrir öll slík brot það sem eftir lifir leiks.
- ~~markvörðurinn eða~~ samherji markvarðarins brýtur af sér:
- ef boltinn fer í markið er markið staðfest.
- ef boltinn fer ekki í markið er spyrnan endurtekin ~~og markvörðurinn áminntur ef hann er sá brotlegi.~~
- leikmenn úr báðum liðum brjóta knattspyrnulögin, af sér er spyrnan endurtekin nema einhver leikmaður sem fremji alvarlegra brot (t.d. með 'ólöglegri' gabbspyrnu).
- ~~ef~~ bæði markvörðurinn og spyrnandinn brjóta af sér á sama tíma;
- ~~ef spyrnan misferst eða er varin, er hún endurtekin og báðir leikmennirnir áminntir.~~
- ~~ef mark er skorað er það dæmt ógilt, spyrnandinn áminntur og leikur hafinn að nýju með óbeinni aukaspyrnu tekinni af varnarliðinu,~~ er spyrnandinn áminntur og leikur hafinn að nýju með óbeinni aukaspyrnu tekinni af varnarliðinu.

Skýring

- Staðfesting á því (eins og fram kemur í dreifibréfi IFAB nr. 17 frá ágúst 2019) að ef markvörðurinn brýtur af sér við töku vítaspyrnu og boltinn missir marks eða hrekkur af stöngum eða slá (þ.e. ef markvörðurinn 'ver' ekki spyrnuna), beri ekki að refsa markverðinum nema að aðgerð(ir) hans hafi haft augljós áhrif á spyrnandann.
- Ástæðan fyrir því að markvörðurinn fer of snemma út af línunni er oftast sú að hann misreiknar hvenær boltanum verði spyrint og því ber ekki að áminna markvörðinn fyrir fyrsta brot, en hins vegar ber að áminna hann fyrir öll frekari brot við endurteknu spyrnuna og/eða aðrar vítaspyrnur sem dæmdar kynnu að verða seinna í leiknum.
- Ef spyrnandinn og markvörðurinn brjóta af sér á nákvæmlega sama tíma (sem sjaldan gerist) er ástæðan fyrir broti markvarðarins venjulega 'ólögleg' gabbspyrna, svo því ber að refsa spyrnandanum.

3. Yfirlitstafla

Breytt tafla

	Niðurstaðan úr vítaspyrnu	
	Mark	Ekki mark
Sóknarmaður fer inn í vítateiginn	Spyrnan endurtekin	Óbein aukaspyrna
Varnarmaður fer inn í vítateiginn	Mark	Spyrnan endurtekin
<u>Leikmenn beggja liða fara inn í vítateiginn</u>	<u>Spyrnan endurtekin</u>	<u>Spyrnan endurtekin</u>
Brot markvarðar	Mark	<u>Ekki varin: spyrnan ekki endurtekin (nema spyrnandinn sé truflaður)</u> <u>Varin: spyrnan endurtekin og tiltal á markvörðinn; áminning fyrir öll slík endurtekin brot</u>
<u>Markvörður og spyrnandi brióta á sama tíma</u>	Óbein aukaspyrna og áminning á spyrnandann	<u>Óbein aukaspyrna og áminning á spyrnandann</u>
Boltanum spyrnt afturábak	Óbein aukaspyrna	Óbein aukaspyrna
Ólögleg gabbspyrna	Óbein aukaspyrna og áminning á spyrnandann	Óbein aukaspyrna og áminning á spyrnandann
Rangur spyrnandi	Óbein aukaspyrna og áminning á rangan	Óbein aukaspyrna og áminning á rangan

Breytingar í orðalista

Nýr texti

Brot þar sem leikmönnum er haldið

Brot þar sem leikmanni er haldið á sér stað þegar snerting leikmannsins við líkama eða búnað mótherja hindrar hreyfingu hans.

Staðsetning við endurræsingu leiks

Staðsetning leikmanna við endurræsingu leiks markast af staðsetningu fóta þeirra eða sérhvers líkamshluta þeirra sem snertir jörðina, að fráskildu því sem lýst er í 11. grein laganna um rangstöðu.

Breytingar á Hagnýtum leiðbeiningum fyrir dómarateymi

Vítaspyrna (bls. 212)

Breyttur texti

Ef markvörðurinn fer bersýnilega fram af marklínunni áður en boltanum er spyrint og kemur í veg fyrir að mark sé skorað skal aðstoðardómarinn ~~mark er ekki skorað skal~~ aðstoðardómarinn lyfta flaggi sínu gefa brot hans til kynna í samræmi við þau fyrirmæli sem dómarinn hefur gefið honum fyrir leikinn.

5. Meiðsli (bls. 222)

Viðbótar undirfyrirsögn og texti

Leggja ber höfuðáherslu á öryggi leikmannanna og dómarinn ætti ávallt að auðvelda sjúkrateyminu starf sitt, sérstaklega þegar um er að ræða alvarleg meiðsli og/eða mat á höfuðmeiðslum. Þetta felur m.a. í sér að virða og aðstoða við framkvæmd viðurkenndra samskiptareglna varðandi mat og meðhöndlun á meiðslum.

5-6. Meðhöndlun/mat á meiðslum eftir áminningu eða brottvísun (bls.222)

Breytt númer undirfyrirsagnar og breyttur texti

(...)

Sem almenn viðmiðun, (...) reiðubúnir til þess að hefja leik að nýju, nema þegar um er að ræða alvarleg meiðsli og/eða mat á höfuðmeiðslum.

